ÞJER SEM NOTIÐ
TIMBUR
KAUPIÐ AF
The Empire Sash and Door
COMPANY LIMITED
Birgðir: Henry Ave. East. Phone A 6356
Skrifstofa: 5. Cólfi, Bank of Hamilton
VERÐ GÆÐI ÁNÆGJA.

Guðrún Jóhannsdóttir Stadfeld.

F. 23 apríl 1895, d. 27. apríl 1925.

Blómum þig andaða vafði vorið.
Veri líf þitt um eilífð sælt!
Orð, sem var þér af vinum borið,
Verður eftir þig sannast mælt:
Þú varst af fágætri fegurð ríkust,
Fegurð hins innra; lífsins þar.
Fornkonum íslenzkum einna líkust
í því sem hátt og göfugt var.

Táp var þér gefið, sem fjalli festa,
Fjör og lífsgleði, viðkvæm sál.
Þú áttir hatrið hitamesta;
Hefði það vaknað, hvílíkt bál!
Lengst og bezt þér í brjósti kyntir
Barnslega dóttur- og systurást
Þú, sem á íslenzkan aðal mintir
Ósjálfrátt, hvar sem rétt þú sást.

Drenglundin — hún, sem helgur eiður,
Haggaðist ei, var sem greypt í stein.
Virtist allur þinn ættarmeiður
Auðkenna sig með þeirri grein.
Djarfmannlegt yfirbragð var birta
Borin af þér í grafarhúm. —
Þínum anda mun aldrei syrta
Aftur að nótt, um gjörvalt rúm.

Sæmdi norrænan sjálf þitt enni
Söng þér á tungu, sem bundið mál.
Svip þinn á athöfn og orði eg kenni
Enn og geislann af þinni sál,
Hvar sem af viti er mælt, af mætti
Manndóms unnið til vegs og góðs.
Heyrist þú enn, sem í hörpuslætti
Hljómgullna málsins norræns ljóðs.

Gutt J. Guttormsson.

er, carpenter, artist, businessman, an ideal pioneer." Mr. Forbes segir að Selkirk sé, "a stronghold of extremely Orthodox Lutheranism," Þetta þýðir ritstj. svo að "í Selkirk sé afturhaldið óskaplegt.' Þetta kann nú að að þýða eitt og hið sama og veit ritstj. bezt um það, en bókstafleg þýðing er það ekki. Ekki segir Mr. Forbes um starf séra Alberts E. Kristjánssonar að "þó verkið sé hart og ekki beri mikið á því, þá sé með því undirstaðan að guðsríki lögð." Mr. Forbes segir: "Besides serving these churches (viz: Shoal Lake and Mary Hill) he makes long winter journeys to the scattered communities of the north. — — The work is hard and never spectacular but it builds the solid foundations of the kingdom of God." Allir sem ensku skilja sjá að önnur þýðing er falin í þessum orðum en sú sem ritstj. kemur með. Aherzlan er lögð á það sem á sig er lagt, afsölin sem menn gjöra, er smám saman leggja grundvöllinn að guðsríki, er smám saman leiða í ljós þá hugsjón sem kirkjan á að tákna meðal mannanna. Guðsríkið er erfitt hugtak og þeir munu fleiri en eg, sem efast um að ritstj. hafi fengið þann skilning á því, er óyggjandi megi telja. I sambandi við vort starf getur Mr. Forbes þess er alveg er rétt, og frá voru og að vér álitum öllu sanngjörnu, sjónarmiði getur ekki talist, "móðgun við Vestur-Isl." Hann segir að vér höfum heimsótt hinar vestlægari bygðir, og lagt fram mikinn tíma fyrir blaðið Hkr.." Það að vér höfum eytt allmiklum tíma í þágu "Hkr" fáum vér eigi skilið að sé vítaverðara en að ritstj. hefir eytt allri vökustund sinni fyrir "Lögb.". Hitt segir Mr. Forbes hvergi að Heimskr. sé hið "kristilega málgagn íslenzku kirkjunnar." Hann segir: "Mr. Petursson has given much time to the paper Heimskringla, the Christian Register of the Icelandic churhes." Christian Register er blað sem gefið er út í Boston, málsvari frjálslyndra skoðana og líkir hann "Hkr." við það sem vel fær staðist, því "Hkr." hefir verið málsvari frjáslyndra skoðana — og verður. Þýðingunni er því mjög ábótavant og getsakirnar leiðir ritstj. að sínum eigin orðum en ekki orðum Mr. Forbes.

Mr. Forbes gefur hvergi í skyn, eða hina minstu átyllu til þess að nokkur geti imyndað sér, að hann áliti, "að útsveita fólkið íslenzka í Ameriku sé hundheiðið og ef til vill Íslendingar allir." Hann gefur heldur ekki í skyn, "að þar sé ekki um neina guðsrikis undirstöðu að ræða." Hann segir ekkert um það, Eki eitt einasta orð. Miklu frémur má ráða af orðum hans að "íslenzkar mæður í nútið og fortið, í ljósi guðs orða hafi leitast við að leiða börnin sín að kærleikshjarta guðs." Sökum þess á hann von á því að hvert óeigingjarnt verk muni á sínum tíma stuðla að því að það riki sem Kristur nefndi guðsriki eða riki himnanna fái komið. Mr. Forbes gengur ekki lengra en það í áburði sínum um "heiðindóm útsveita Isl.," en að hann nefnir starfsemi hinnar frjálslyndu hreyfingar hvergi "Mission" nema í Selkirk og getur Selkirk tæplega talist útsveitabygð Islendinga. En svo á ritstj. ef til vill kollgátuna hvers vegna að trúboðskapstarf Sambandskirkjufélagsins þar er nefndur "mission" — "þar sem að afturhaldið er óskaplegt."

Ritstj. skilur enda svo mikið að hann veit að þessi útdráttur sinn úr skýrslu Mr. Forbes nær ekki nokkurri átt. Tilgangur hans er heldur ekki sá að benda nákvæmlega á orð Mr. Forbes heldur beinlínis að víta það orðalag sem hans eigin félagsskapur, hið Evangeliska Kirkjufél. Islendinga í Vesturheimi, hefir svo oft notað í sínu kirkjulega starfi. Markar það spor í frjálslyndisáttina fyrir honum, sem hann kvað svo hraðan vera að halda í, ásamt fleiri leiðandi mönnum þess félagsskapar. Hann vill ekki að Kirkjufélagið noti orðið "Missior" "missionsprestur," "trúboð" eða "trúboðssjóður" í sambandi við það starf sem það rekur meðal Vestur-Islend. sökum þess að orð þessi gefa til kynna að Vestur-Islendingar séu ekki kristnir sem er "einhver sú mesta fjarstæða — — og móðgun á hæsta stigi gegn öllum Islendingum en ekki sizt gegn islenzkum mæðrum í nútið og fortið, sem í ljósi *guðs orða* hafa leitast við að leiða börnin sín að kærleikshjarta guðs.' En hið Evang. Lút. Kirkjufélag hefir ósleitilega notað þessi orð, "mission" og "heima trúboð" — einmitt yfir *"starfrækslu"* sinnar kirkjulegu útbreiðslu, og aukheldur yfir hina *"verklegu guðfræði"* sína. Það hefir haft fjársöfnun á prjónunum í mörg herrans ár, til sjóðs sem það nefnir "heimatrúboðssjóð." Það hefir nefnt ferðalög þeirra presta sem sjóður þessi hefir sent út á meðal Islendinga, "missions ferðir," og látið þess getið að *"boðskapnum hafi verið vel tekið"* t. d. vestur í Vatnsdalsbygð og í Þingvallabygð, þar sem, eftir þessu orðalagi, beinlínis virðist vera gefið í skyn að heiðingjar búi. Það hefir haft söfnun með höndum í sjóð sem það nefnir "Sálmabókarsjóð," alveg eins og Islendingar hafi ekki átt neina sálmabók, svo langt séu þeir ekki komnir eftir kristindómsbrautinni, og það sé ein af þess mörgu "missionum", að leggja þeim hana til. Það hefir haft með höndum fjársöfnun fyrir sjóð sem það nefnir "skólasjóð" alveg eins og það vildi gefa til kynna að Islendingar séu ómentaður skrill, sem hvorki er lesandi eða skrifandi og kenna þurfi að draga til stafs. Þetta sér ritstjórinn að er "móðgun" — móðgun mæðrunum sem leiða börnin o.s.frv. móðgun börnunum sem ganga á Jóns Bjarnasonarskóla, móðgun rithöfundunum að "Lögb." móðgun við mentaskilyrði þessa ríkis, móðgun við sjálfa hérlendu þjóðina."

Þessu orðalagi vill hann láta breyta, og hann vekur sízt ofsnemma máls á því. Þetta orðalag vill hann ekki lengur láta nota og því hefir hann tekið sér það leyfi að útleggja svona frítt setningar úr skýrslu Mr. Forbes, til þess að geta bent á þetta. Hann er ekki að ásaka Unitara í Boston eða Mr. Forbes. "Oss dettur ekki annað í hug," segir hann, "en að þeir gjöri þetta í beztu meiningu. En vér getum naumast sætt *oss við þann skilning* Mr. Forbes á hinu andlega ásigkomulagi þeirra (sc. Islendinga)," þann skilning sem gefinn er til kynna með orðunum sem ritstj. lætur Mr. Forbes nota.

— — Nei, efni ritgjörðarinnar höfum vér þá þegar dregið saman og bent á, með því sem að framan er sagt, og tilganginn með ritgjörðinni líka, eftir því sem að hann sé, að oss skilst. Ritstj. er að finna að orðalagi sem hann segir að komi fyrir í skýrslu útlends prests er heima eigi í Boston, en með aðfinsluuum beinir hann orðum sínum í öllum efnum að hinu Ev. Lút. Kirkjufélagi og setur út á það orðfæri sem það hefir haft um Isl. hér vestra. Hann gefur glögga og ótvíræða skýringu á því hvað "Extremely Orthodox Lutheranism" í raun réttri sé — *"Afturhald óskaplegt"*, og hann hrekur þá ósönnu staðhæfingu að Islingar séu ókristnir. Orðalagi þessu vill hann breyta og sópa burt að oss skilst, — og þó hann gjöri það ekki vel ljóst, — sjóðunum þremur að framan nefndu líka. Hann vill að hið Ev. Lút. kirkjufélag ali ekki lengur á þeim ósóma að halda því fram að Isl. séu ekki kristnir, en breyti algjörlega í því efni bæði ummælum sínum og afstöðu gagnvart þeim. En mjög eru þetta róttækar breytingar sem ritstj. fer fram á, og vonandi er að honum auðnist að hrinda þeim í framkvæmd áður en langir tímar líða.

Rögnv. Pétursson.

———x———

Úr bænum.

Dr. Tweed, tannlæknirinn verður í Arborg miðviku og fimtudag 16 og 17. des.

Auglýsing

Lesari góður—karl eða kona: — Hafir þú nokkurt brúk fyrir skrifpappir, þá lát mig senda þér snotran kassa með 200 örkum af góðum, drifhvítum pappir, 6x7 og 100 umslögum af sömu tegund, með nafni þínu og heiilisfangi prentuðu á hverja örk og hvert umslag — alt fyrir að eins $1.50; ellegar, með pink eða bláum pappir og umslögum, fyrir $1.75; póstfrítt innan Bandarikjanna og Canada. Eg ábyrgist að þú verður ánægður (ánægð) með kaupin, hvort heldur þú sendir eftir þessu fyrir sjálfan (sjálfa) þig, ellegar einhvern vin, sem þú kynnir að vilja gleðja með góðri og fallegri gjöf. Send nafn og heimilisfang og andvirði til

F. R. Johnson,
3048 W. 63rd St., Seattle, Wash.

FRÓN.

Mánudagskvöld 14. þ. m., heldur Þjóðræknisdeildin "Frón" skemti og starfsfund í neðri sal Good-templarahúsinu kl. 8.30. Sira Ragnar E. Kvaran hefir góðfúlega lofast til að flytja þar erindi, og ætti það að nægja til að fylla húsið. Gleymið hvorki stund né stað. Komið öll, þetta verður síðasti fundur fyrir jól.

Séra Albert E. Kristjánsson heldur guðsþjónustu að Vestfold sunnudaginn 13. desember næstkomandi kl. 2. síðdegis.

Á mánudagskvöldið lézt á almennt sjúkrahúsinu hér í bæ húsfrú Jóhanna Rósa Jónsdóttir, kona hr. Tryggva Þorsteinssonar er heima á við Tantallon. Kunnugir segja að hún hafi verið fágætlega vel að sér ger um marga hluti; og er því mikill harmur kveðinn sonum hennar og manni; er dvalið hafa hér í bænum nokkurn tíma, að sjá hverju fram yndi. Banameinið var hjartasjúkdómur. Hin látna verður jarðsett í Tantallon, af séra Ragnari E. Kvaran, sennilega á föstudaginn.

Daður er hart leikið í "The Code of the West," Paramount myndinni sem verður sýnd á Wonderland síðustu þrjá dagana í þessari viku. Þetta er ein af þeim myndum sem William K. Howard hefir látið gera eftir hinum frægu skáldsögum Zane Greys. Sýningarnar eru mjög hrifandi og sérstaklega óvanalegar.

Owen Moore leikur aðal hlutverkið og Canstance Bennett, kvenhlutverkið. Mabel Ballin, Charles Ogle og David Butler leika einnig stórt hlutverk í þessari mynd af mikill snild.

verður sýnt á Wonderland "The Coast of Folly." I þeirri mynd leikur Gloria Swanson tvö hlutverk, móður og dóttur, og tekst henni ágætlega að sýna ekki að eins aldursmuninn, heldur og mismunandi látbragð og hreyfingar, sem gera leik hennar mjög eðlilegan.

———x———

Fréttir frá Mikley.

Aðfaranótt laugardagsins 21. nóv. s. l. braut allan ís af Winnipegvatni við Mikley og Blakkey í norðvestan roki. Með ísnum fórust 400 slöngur af netum með korkum og blýjum. Sá skaði er virtur á 9000 dollara fyrir utan nokkur hundruð dollaravirði af fiski sem ekki var búið að draga á land. Meiri partur af bændum í Mikley tapaði netum og sumir öllum netum sem þeir áttu. — Sökum þess, að fiskiveiðar eru aðalatvinnuvegur eyjarbúa, stendur fjöldinn af þeim allslaus uppi og atvinnulausir á þessum vetri og sumir þeirra með stórar fjölskyldur.

Tapið í heild sinni, verður ekki metið til verðs, þegar þess er gætt, að fremur gott útlit var með afla og fiskur í óvanalega háu verði.

Mikleyingur.

Bréf til Hkr.

Vogar 30. nóv., 1925.

"Gott er veðrið. Kaldur er hann!" sagði karl heima á gamla landinu, fyrir löngu síðan. Það var hlegið að honum fyrir þessa lýsingu á veðrinu. Það þóttu of miklar andstæður, að veðrið væri gott en þó kalt. — Hér ætti sú lýsing betur við um vetrarveður, því hér er oft einna bezt veður þegar logn er en frostmikið; en slík veður eru fátíð heima. Annars má með sönnu segja um tíðarfarið á þessu hausti að það hefur verið kalt, þótt oftast hafi verið allgóð veður. Tíðin í sept. og okt. liktist meira mildri vetrartíð, en venjulegri hausttíð. Urkomur voru hér ekki miklar, en mesti snjórinn sem hér hefir komið til þessa, kom 30. sept. Þó var hann ekki meiri en svo að hann tók upp næsta dag. Aftur hefir nóv. mátt kallast góður, sérstaklega fyrri hlutinn. Síðari hlutinn hefir verið nokkuð stormasamur og óstöðug veður, en ekki hefir snjóað svo enn að fært sé að nota sleða á landi. Stormar þessir hafa gjört fiskimönnum tafir, því oft hefir ekki orðið unnið við net á hálum ís fyrir hvassviðri, enda hefir ísinn verið svo ótraustur alt að þessu að ekki hefir verið leggjandi á djúpu vatni. Hefur viða brotið upp ísinn undan veðrum og orðið að því tjón á netum,; þó er það ekki teljandi hér norður frá, en frést hefur að suður um Sandy Bay og Big Point hafi margir mist öll net sín. Is er hér enn svo ótraustur að varla er fært með hesta, nema á mjóum sundum, og tefur það mjög alla flutninga. Nokkrir hafa mist niður bifreiðar og hesta, en flest hefur náðst aftur.

Fiskiveiðar eru lítið reyndaar enn, því skamt er síðan menn voru búnir að leggja, þó hygg eg þær líti út vonum betur, ef framhald verður á þeim. Hér er ekki við miklu að búast með þeim netafjölda sem í vatninu er, og sem eykst með ári hverju. Síðastliðinn vetur munu um 1000 manns hafa stundað fiskiveiðar hér í Manitobavatni, og að líkindum mun fleiri í ár, því auðfélög og menn úr fjarlægum stöðum fjölga hér mönnum árlega. Er því ekki annað sjáanlegt en að fiskiveiðar eyðileggist hér með öllu á fám árum, ef engar skorður verða reistar. Fiskiklak hefði þurft að vera komið á hér fyrir löngu, en það eru að eins ráðagerðir í þá átt sem stjórnin hefir gefið okkur. Framkvæmdirnar hafa hvergi sést. Verð á fiski er með bezta móti eftir því sem verið hefir í byrjun vertíðar, 10 cent á ófrosnum nálfiski en 8 cent á frosnum, á járnbrautarstöðinni. Annar fiskur er hér varla teljandi nú orðið, og hvitfiskur þvinær horfinn. Fari verðið hækkandi, eins og undanfarin ár, geta fiskiveiðar orðið að góðu gagni í vetur, en miklu spillir, ef lengi þarf að draga hann á vögn um til járnbrautar, því það er bæði kostnaðarmeira, og hættara við að fiskurinn skemmist.

Heilsufar manna hefir verið hér í góðu lagi í sumar. Engin sóttnæm veikindi og engir dáið svo eg hafi frétt. Slysfarir engar sem teljandi eru.

Verzlun og viðskifti lík og undanfarin ár. Verðlag á bændavörum likt og áður, eða heldur skárra. Gripasala með minna móti, því margir seldu með fleira móti síðastl. haust. Verðlag á gripum litlu betra en áður. Menn eru að vona að betri tímar séu í vændum, með ári hverju, er það dregst. Er því ekki um annað að gjöra en færa viðþolið, og varast kostnað, en það tefur auðvitað allar framkvæmdir sem til umbóta horfa.

Mikill hnekkir hefir það verið þessari bygð, hvað margir hafa flutt burtu héðan undanfarin ár. Hefur því valdið tvent: Vantraust á landbúnaðinum, sem mun viða hafa verið umgangsveiki á síðari árum og flóðhætta frá Manitobavatni, sem ekki hefur verið að ástæðulausu. Þó hygg eg að fáir af þeim sem burtu fluttu, hafi skift um til betra. Nú litur út fyrir að náttúran ætli að hindra flóðhætturna í bráð, því nú lækkar óðum í vatninu; en auðvitað getur sama hættan endurtekið sig þegar minst varir. Nú eru næg kosningaloforð á boðstólum um vatnslækkun og hvað annað, en þau hafa reynst okkur lítils virði áður, hvað sem nú verður.

Guðm. Jónsson.

———x———

Stöðugleiki markaðarins.

Grundvallaratriði sambandsölu á korni er að setja það gætilega á markaðinn, og reglubundið, svo að aldrei verði svo mikið meira boðið til sölu en eftirspurnin krefst, að verðið falli að mun. Með gamla fyrirkomulaginu voru flestir bændur neyddir til að selja strax og þreskt var, og afleiðingin var að verðið féll vanalega mjög á þeim tíma.

Að hveitisamlagið hafi orkað þessu, hefir nýlega verið viðurkent af jafn velþektum sérfræðingum og Broomhall félaginu í Liverpool, sem er þekt að vera kornsölufróðasta stofnun á Bretlandi. I nýkomnu eintaki af blaði þess geta þeir um söluaðferð samlaganna, að setja rétt nóg korn á markaðinn til að mæta eftirspurninni, og eftir að hafa fært rök fyrir, að búast megi við rýmilegum verðbreytingum af og til, segir blaðið að eftirspurnin og stöðugt hald kornsins í Canada muni líklega verða þýðingarmesta atriðið til að halda verðinu í jafnvægi, þrátt fyrir fréttirnar um magn uppskerunnar í Canada og hinn óbrotna straum kornsins í safnhlöðurnar. Blaðið segir einnig:— "Canadiska samlagið hefir áreiðanlega umráð yfir miklum parti forðans, og með því að oss skilst að bæði bændurnir, sem eru meðlimir og forstjórarnir, séu vel ánægðir með árangurinn af söluaðferðinni sem hingað til hefir verið beitt, er eðlilegt að búast við að hveiti samlagsins verði framvegis haldið tryggilega."

I þessu sambandi eru samlagsstjórnendur þeirrar skoðunar, að hin nýorðna hækkun hveitiverðsins, beri vott um að hveitisamlagið hafi átt þýðingarmikinn þátt í að koma í veg fyrir að óeðlileg verðlækkun ætti sér stað.

Lesendum Heimskringlu er boðið að senda hvaða spurningu sem þá langar til að fá svarað viðvíkjandi samlaginu og fyrirkomulagi þess til blaðsins, og verður þeim þá svarað í blaðinu af starfsmönnum samlagsins.

SKEMTIFERDIR
FARBRÉF TIL SÖLU NÚ

AUSTUR-CANADA
Farbréf til sölu DAGLEGA til 5. JANÚAR til afturkomu innan 3. mán.

KYRRAHAFS-STRÖND
Farbréf til sölu ÁKVEÐNA DAGA DES., JAN., FEBR. til afturkomu 15 apr. 1926

ÆTT-LANDIÐ
Farbréf til sölu DAGLEGA til 5. JAN. til Atlanshafnar til afturkomu innan 3. mán.

Sérstakir svefnvagnar til W. St. John
Í sambandi við jólasiglingar til ættlandsins allar upplýsingar gefnar og aðstoð veitt af Farbréfasölum Canadian Pacific Railway.